

Reykjavík, 19. janúar 2018
R18010267

Borgarráð

Boð til Tórshavn í Færeyjum um að taka þátt sem heiðursgestur Menningarnætur í Reykjavík 2018

Hjálagt er bréf til Annika Olsen, borgarstjóra í Tórshavn, með boði um að borgin verði heiðursgestur Menningarnætur í Reykjavík 2018.

Dagur B. Eggertsson

Reykjavík, 26. janúar 2018
R18010267
3195

Borgarstjórin í Tórshavn
Annika Olsen
Postsmoga
FO-110 Tórshavn
Færeyjar

Boð um að taka þátt sem heiðursgestur Menningarnætur í Reykjavík 2018

Kæri borgarstjóri,

Menningarnótt er afmælishátíð Reykjavíkurborgar og verður haldin í tuttugasta og þriðja skipti þann 18. ágúst 2018. Menningarnótt er hátíð sem allir borgarbúar skapa og upplifa saman, úti á torgum og götum miðborgarinnar, í bakgörðum og söfnum, fyrirtækjum og ekki síst í húsunum í bænum.

Menningarnótt markar upphaf menningarárs borgarinnar þegar söfn, leikhús, menningarstofnanir og listamenn hefja sína haust- og vetrardagskrá. Markmið hátíðarinnar er að hvetja til menningarþátttöku með því að reiða fram fjölbreytt og ríkulegt framboð af hinum ýmsu viðburðum. Dagskráin er þverskurður af menningar- og listflóru borgarinnar og eru viðburðir hátíðarinnar gestum að kostnaðarlausu og þar með séð til þess að allir gestir geti notið kraftmikils menningarlífs og góðrar samveru.

Um árabil hefur tíðkast að bjóða völdum sveitarfélögum að vera heiðursgestur á Menningarnótt og var Tórshavnar kommunu slíkur gestur á hátíðinni 2007. Dagskrá Tórshavnar þótti takast mjög vel og vorum við afar snortin af framlögum þeirra frábæru listamanna ykkar sem þátt tóku.

Á fundi okkar í Ráðhúsi Reykjavíkur þann 18. ágúst síðastliðinn ræddum við þann möguleika að Tórshavn myndi aftur verða heiðursgestur á Menningarnótt. Ég vil hér með fylgja eftir því samtali og bjóða Tórshavnar kommunu formlega að vera heiðursgestur okkar á hátíðinni 2018.

Með kærri kveðju,

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Reykjavík, 26. janúar 2018
R18010267
3195

Borgarstjórin í Tórshavn
Annika Olsen
Postsmoga 32
FO-110 Tórshavn
Færeyjar

Indbydelse til at deltage som æresgæst på Kulturnat i Reykjavík 2018

Kære borgmester,

Kulturnat i Reykjavík er byens fødselsdagsfest og bliver afholdt for 23. gang den 18. august 2018. Kulturnat er en festival, skabt og oplevet i fællesskab af alle byens borgere, i midtbyens torver og gader, i baggårde, i virksomheder og, ikke mindst, i byens hjem.

Kulturnat markerer begyndelsen af byens kulturår, når muséer, teatre, andre kulturinstitutioner og kunstnere starter deres efterårs- og vinterprogrammer. Festivalens mål er at opfordre til deltagelse i kulturlivet ved at byde på en række diverse og spændende arrangementer - et program der viser et tværsnit af byens kultur og kunstliv. Alle gæster har gratis adgang til festivalens begivenheder og får således et tilbud om deltagelse i det kraftige kulturliv samt i et hyggeligt samvær.

I de sidste mange år har vi sendt udvalgte kommuner en indbydelse til at deltage som æresgæst på Kulturnat og fik vi æren af at tage imod Tórshavnar kommuna ved festivalen i 2007. Programmet fra Tórshavn var særdeles flot og vellykket og vi var meget berørte af de bidrag der blev fremført af jeres fremragende kunstnere.

Til vores møde her på rådhuset den 18. august sidste år diskuterede vi muligheden om at Tórshavn igen bliver æresgæst på Kulturnat. Jeg vil herved følge op på den samtale og formelt indbyde Tórshavnar kommune til at deltage som æresgæst på Kulturnat i Reykjavík 2018.

Med varme hilsener,

Dagur B. Eggertsson
borgmester

